

# MENGUN FRÁ ÚTIOFNUM

## útiofnar, kamínur, eldstór, kurlofnar og kolagrill

### Áður en kveikt er upp

Miklu máli skiptir að ganga rétt frá öllum hnútum þegar um er að ræða opinn eld, því auk þess að valda óþægindum geta myndast óæskileg efni sem ekki ættu að fara út í umhverfi og andrúmsloft.

Áður en kveikt er upp í opnu eldstæði utanhúss ætti að huga að vindátt. Í logni safnast reykur oft fyrir í nágrenninu. Með vindgjólu getur reykur borist beint að glugga nággranna. Í slíkum tilvikum er best að spjalla við nággrannana og spyrja hvort reykurinn valdi ónæði. Mestar líkur eru á að hægt sé að ná samkomulagi um staðsetningu og notkunartíma eldstæðisins ef nággrannar ræða málið saman.

### Hafið eftirfarandi í huga þegar kynt er upp í útiofni eða arni:

- Best er að nota ófúinn, heilan og þurran við, viðarkurl eða kol í útiofnina.
- Geyma skal eldivið og timbur á þurrum og lokuðum stað.
- Nota skal elsta og þurrasta eldiviðinn fyrst. Blautur eldiviður veldur ófullkominni brennslu, meiri reyk og aukinni myndun óæskilegra og skaðlegra efnasambanda.
- Ef mikill reykur kemur úr skorsteininum fær eldurinn líklega ekki nægilegt súrefni eða að röngu efni er brennt.
- Pappír ætti aðeins að nota til að koma eldinum af stað. Ekki er leyfilegt að nota eldstó til að farga pappír sem safnast fyrir á heimilum. Við bruna pappírs myndast mikil aska, sem að hluta til sest innan á vegg reykopsins eða rýkur upp um reykháfinn, auk þess sem pappír bleiktur með klór getur stuðlað að myndun skaðlegra efna.
- Bannað er að brenna sorp og spilliefni í opinni brennslu. Þar er t.d. átt við matarleifar, umbúðir, plast, efnisafganga og úrgangsolíu. Sorpi skal sett í sorptunnur eða því skilað á móttökustaði fyrir úrgang.
- Fúavarið timbur eða lakkað er spilliefni og má ekki brenna í útiofni. Í hvoru tveggja eru lífræn efnasambönd, rotvarnarefni og klór, sem auðveldlega ummyndast í díoxín.
- Rekaviður er oft mettaður af salti sjávarins. Salt er natríumklóríð, sem stuðlar að myndun skaðlegra efna við brennslu. Rekaviður er því ekki æskilegur eldiviður.
- Röðun eldiviðar í ofninum skiptir máli við myndun reyks. Raða skal viðnum sem næst lóðrétt og aftast í ofninum.
- Staðsetja þarf útiofna þannig að eldur geti ekki borist í gróður, sinu, byggingar eða önnur mannvirki. Hitageislun frá ofninum getur auðveldlega sprengt gler í gluggum. Einnig þarf að huga að því að reykur berist ekki inn í hús eða valdi ónæði hjá nágrönnum.
- Ætíð skal fara varlega með eld og ekki skilja við hann óvaktaðan.
- Gangu skal þannig frá að börn brenni sig ekki á heitum arni eða ofni og að þau séu ekki að fikta í eldinum. Eldfæri skal geyma þar sem börn ná ekki til.
- Ofnar sem nota gaskúta þarfnast sérstakrar varfærni. Gaskúta skal einungis geyma utanhúss og aldrei þar sem sólin skín beint á þá.





### Óæskileg efni við brennslu

Við lágan brennsluhita í opnum eldstæðum (allt að 700°C) myndast hlutfallslega meira af óæskilegum efnum en við hærri hita í þar til gerðum háhitabrennsluofnum. Þau efni í reyk sem helst ber að óttast eru sótagnir og efni í flokki svokallaðra díoxína. Á síðari árum hefur athygli vísindamanna beinst mikið að sótögnum vegna þess að ýmislegt bendir til að þær valdi krabbameini. Díoxín eru mjög virkir krabbameinsvaldar, jafnvel í ótrúlega litlu magni og geta m.a. valdið fósturskemmdum.

Við brennslu á blautum eldiviði verður ófullkomin brennsla við lágt hitastig sem veldur myndun óæskilegra efna og efnasambanda og skaðar reykháfinn, t.d. súrra vökva sem geta leitt til stíflunar og tæringar í reykháfi. Ef salt kemst í brennsluofninn, t.d. við brennslu á rekaviði stuðlar það að myndun díoxíns í reyk og ösku.

Við bruna pappirs myndast óþarflega mikil aska, auk þess sem pappír bleiktur með klór getur stuðlað að myndun díoxína. Varast skal að brenna plast og önnur efni sem eru orkurík þar sem frá þeim geta losnað skaðleg efni eins og díoxín og önnur skaðleg efnasambönd.

### Reglur sem tengjast meðferð útiofna og eldstæða

Í reglugerð um loftgæði nr. 787/1999 segir í 8. gr. „Húseigendur skulu sjá svo um eftir því sem frekast er unnt að reykur frá kynditækjum og þess háttar, valdi ekki óþægindum í nánasta umhverfi. Óheimilt er að nota úrgangsolíu og önnur spilliefni, s.s. fúavarið timbur, til upphitunar nema hafa til þess tilskilin leyfi.

Í ákvæðum lögreglusamþykktar sveitarfélaganna eru yfirleitt fyrir mæli um að óheimilt sé að aðhafast nokkuð sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

Í byggingareglugerð nr. 441/1998 kemur fram að sækja þarf um leyfi fyrir útlitsbreytingum á húsum, þar undir falla utanálíggjandi skorsteinar.

Í byggingareglugerð nr. 441/1998 gr. 192 um eldstæði og í leiðbeiningarblöðum

Brunamálastofnunar nr. 192 er getið á um uppsetningu og frágang eldstæða og reykháfa.

Um meðferð og frágang olíutanka, gastanka og álíka búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Nánari upplýsingar má fá hjá Umhverfisstofnun og hjá heilbrigðisfulltrúum um land allt, [www.ust.is](http://www.ust.is)

Ljósmyndir:

Albert Sigurðsson og Cornelis Meyles.